



Fundargerð 2. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom, þriðjudaginn 21. mars kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Aðalsteinn Símonarson (AS).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) varamenn.

Fjarverandi: Jón Þór Jónsson aðalmaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Lestur og samþykkt á fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð fyrsta fundar stjórnar frá 18. mars liggur fyrir. Farið var yfir fundargerðina og hún samþykkt án athugasemda.

2. Fundir stjórnar

Rætt um fjölda funda og kosti við raunfundi umfram fjarfundi, sem og hver þörfin væri varðandi tíðni funda. Fram kom að mikilvægt væri að hafa fundina agaða svo þeir verði skilvirkir. Bent á að til væru [reglur fyrir fjarfundi](#) hjá sambandinu.

TMP lagði til að á Zoom fundum verði þátttakendur ávallt í mynd og notast verði við handauppréttingar í fjarfundakerfinu, var það samþykkt.

Einnig var samþykkt að halda fundi á hverjum þriðjudegi næstu vikunnar meðan unnið væri úr helstu málum, en reiknað með að hafa fundi fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði þegar frá líður.

3. Framkvæmdastjóri

TMP hefur fengið lykla, aðgangorð og annað frá BþB sem skila þurfti en enn á eftir að ganga frá málum í Arionbanka. TMP fær heimild til að ganga frá málum við BþB eins og þurfa þykir. Rætt var um framtíðar fyrirkomulag starfsmannamála sambandsins og ákveðið að næsti fundur stjórnar, 28. mars, fari í ítarlegar umræður um málið.

4. Formenn dómnefnda

TMP hefur fengið aðgang að skjali með yfirliti yfir þær ráðstafanir sem Helga Katrín, fyrrverandi formaður, hafði gert varðandi formenn dómnefnda í keppnum til Íslandsmeistara á núverandi keppnistímabili. Hann mun deila skjalinu með stjórninni til yfirlestrar og athugasemda.



5. Námskeið

Rætt var um fyrirkomulag námskeiða sem halda á fyrir keppnistímabilið samkvæmt [Námsskrá](#). Fráfarandi stjórn hafði hafið undirbúning á breyttu fyrirkomulagi þar sem þátttakendum er gert auðveldara að velja þann tíma sem þeir sitja námskeiðin. Ákveðið að fela þeim aðilum sem staðið hafa á undirbúningnum að halda áfram með málið enda verði lögð áhersla á möguleika til að tileinka sér námsefnið á þeim tíma sem þátttakendum hentar. TMP falið að fylgja málinu eftir.

6. Bréf til aðildarfélaganna um tilnefningar í keppnisráð

Samkvæmt lagabreytingu sem samþykkt var á ársþinginu um liðna helgi skulu aðildarfélög tilnefna aðila í keppnisráð innan fjögurra vikna. TMP falið að senda erindi á aðildarfélögin og minna á þetta.

7. Fjölmíðlamál

AS fór lauslega yfir aðdragandann, þ.e. að síðasta stjórn hefði skipað hóp s.l. haust til að fara yfir þessi mál. Sá hópur skilaði af sér í janúar og annar var skipaður í framhaldinu sem ekki náði að klára sína vinnu fyrir nýliðið ársþing. SIS sat í seinni hópnum og sagði lauslega frá því sem rætt var í honum.

Umræða um málið fór víða og voru ýmsar hugmyndir og leiðir viðraðar. TMP lagði til að sérstakur fundur stjórnar um málið yrði haldinn n.k. mánudag, 27. mars, kl. 19.00, og var það samþykkt.

8. Önnur mál

Samkomulag við MSÍ - HH leggur til að gert verði samkomulagi við MSÍ um skilgreiningu á undir hvaða sérsamband spyrnugreinar á mótórhjólum og fjórhjólum heyra, þannig að þær heyri undir AKÍS.

Mótakerfið - SIS vekur athygli á að mótakerfi sambandsins sé alls ekki gott og þjóni sínum notendum illa. LDJ segir kerfið ítrekað liggja niðri og erfitt sé að fá yfirsýn. TMP segist vita af stöðunni og vera að vinna að lausn.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, mánudaginn 27. mars kl. 19.00.

Fundi slitið kl. 21.44